

Fundargerð.
Stjórnarfundur nr. 110.

Stjórnarfundur Norðurá bs., haldinn á skrifstofu Húnabyggðar Blönduósi 9. maí 2023, kl 17:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Snorri Finnlaugsson og Pétur Arason. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. og Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Verkaskipting stjórnar
- Fundargerðir stjórnarfundar 109 og aðalfundar 2022
- Stækkun urðunarhólfs (Gunnar Svavarsson Efla verkfrst.)
- Staða og horfur í rekstri
- Ályktanir aðalfundar Norðurár
 - Um dýraleifar
 - Um skoðun á nýtingu orku til kornþurrkunar
- Erindi frá Þórhalli S. Bjarnasyni /JT Consulting
- Kynningar frá Umhverfisstofnun
 - Um breytt fyrirkomulag um boðun eftirlits
 - Um áhersluverkefni eftirlits
 - Um innheimtu eftirlitsgjalda skv. nýrri gjaldskrá
- Önnur mál

1. Verkaskipting stjórnar

Samþykkt tillaga um að Magnús B. Jónsson yrði formaður stjórnar, Hrefna Jóhannesdóttir ritari og Sveinn Úlfarsson meðstjórnandi. Samþykkt samhljóða. Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar. Nýr áheyrnarfulltrúi er Pétur Arason f.h. Húnabyggðar, eins og samþykkt var á aðalfundi Norðurár þann 27. mars 2023.

2. Fundargerðir stjórnarfundar 109 og aðalfundar 2023

Fundargerð stjórnarfundar nr. 109, undirrituð og samþykkt formlega. Fundargerð aðalfundar 2023 var lögð fram til kynningar. Ekki komu fram athugasemdir við hana.

3. Stækkun urðunarhólfis (Gunnar Svavarsson Efla verkfrst.)

Gunnar Svavarsson gerði grein fyrir framkvæmdum og útboðsgögnum vegna stækkunar urðunarhólfis í Stekkjarvík en eins og fram kemur í samþykktum aðalfundar Norðurár bs. frá 27. mars sl., var samhljóða samþykkt að fela stjórn að hefja útboðsferli og framkvæmdir vegna stækkunarinnar.

Í yfirferð Gunnars kom fram að mikið þarf af efni í hriplag (botn og hliðar) urðunarhólfisins, eða alls um 10 þúsund m³ af drenmöl og um 2 þúsund m³ af sandi. Ekki sé tryggt að nægjanlegt vinnsluhæft efni komi í uppmokstri eða hagkvæmt verði að vinna það í drenefni. Í næsta nágrenni urðunarholunnar er hins vegar hentugt efni sem mögulegt er að kaupa af landeiganda. Í leigusamningi á landeigandi vinnslusamning á efni á þeim hluta lóðar sem fyllt verður yfir með uppmokstri.

Stjórn Norðurár samþykkir að hefja útboðsferlið samkvæmt þeim gögnum sem lágu fyrir fundinum og ljósi þeirra ábendinga og umræðu sem varð um málið.

Stjórn felur Gunnari að kanna kostnað á efnisvinnslu og efni í hriplag, með efnis- og verkkaup í huga. Við mat á þessum valkosti verði tekið tillit til innkaupareglna aðildarsveitarfélaga

Stjórn felur Eflu að vinna framkvæmdaleyfisumsókn og leggja fyrir sveitarstjórn Húnabyggðar. Pétur upplýsir að næsti fundur Skipulags- og byggingarnefndar Húnabyggðar er áætlaður 7. júní nk. og næsti sveitarstjórnarfundur þann 13. júní. Stjórn ákvað í kjölfarið að fresta opnun tilboða þar til umsókn um framkvæmdaleyfi hefur verið afgreidd af skipulags- og byggingarnefnd, eða til 14. júní.

Pétur Arason áheyrnarfulltrúi lagði fram bókun frá 19. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar:

Sveitarstjórn Húnabyggðar lýsir yfir óánægju með að áformum um stækkun urðunarsvæðisins í Stekkjavík komi ekki fyrir sveitarstjórn Húnabyggðar formlega áður en stjórn Norðurár samþykkir framkvæmdina endanlega. Þar sem Norðurá þarf sérstakt framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórninni við svona umfangsmiklar framkvæmdir leggur Húnabyggð áherslu á að óskir um svona framkvæmdir komi fyrir inn í stjórnarsýslu Húnabyggðar. Húnabyggð telur eðlilegt

að skoðaðar verði aðrar leiðir eins og t.d. brennsla til að minnka umfang urðunar í Stekkjarvík áður en ráðist verði í stækkun urðunarsvæðisins.

Magnús upplýsti fundinn um að hann hafi kannað lánakjör og lánamöguleika hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Hann fór stuttlega yfir ferlið sem er á þann veg að eftir að umsókn um lán berst lánasjóðnum, þá gefur lánasjóðurinn út sérstaka bókun sem send er til samþykktar til sveitarstjórna sem eiga Norðurá bs sem þurfa að veita ábyrgð á láninu.

4. Staða og horfur í rekstri

Elvar Bjarki fór yfir stöðuna á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Reksturinn gengur almennt vel en nokkur aukning er í urðun miðað við sama tíma undanfarin ár. Aðaluppistaðan í þessari aukningu er í flokknum niðurrif bygginga og kemur frá sama aðilanum (Akureyrarbæ). Aðrir flokkar eru á svipuðum stað. Breytt fyrirkomulag í sorphirðu í Skagafirði er ekki farin að gera vart við sig í daglegum rekstri Stekkjarvíkur, en vonir standa til að með aukinni flokkun þá minnki magn til urðunar.

Elvar fór yfir stöðuna á vinnuvélum, bæði óskalista yfir nýjan búnað en einnig var óskað eftir leyfi stjórnar til þess að losna við gömul tæki í sölu eða brotajárnssölu.

Elvar hvatti Húnabyggð til þess að skoða útfærslur á söfnun dýrahæja í sveitarfélaginu en bændur eru í síauknum mæli farnir að keyra með gripina beint á urðunarstað. Pétur tók vel í erindið.

Eins óskaði Elvar eftir stuðningi stjórnar til þess að loka Stekkjarvík einn föstudag svo starfsmenn gætu farið í vinnu/skoðunarferð í Fíflholt.

Stjórn heimilaði að gömul tæki færu í sölu eða brotajárnssölu og hvatti starfsfólk Norðurár bs. til þess að fara í umrædda skoðunarferð.

5. Ályktanir aðalfundar Norðurár

- Um dýraleifar
 - Um skoðun á nýtingu orku til kornþurrkunar
-
- Magnús upplýsti um að ályktun aðalfundar Norðurár bs. um dýraleifar hafi verið send á matvælaráðuneyti, umhverfisráðuneyti, innviðaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamtök sláturleyfishafa.
 - Magnús flutti samantekt úr skýrslunni „Bleikir akrar“ sem fjallar um kornrækt og kornþurrkun. Í kjölfar hennar borin upp tillaga að nalgun Norðurár bs.:

- Óskað verði eftir útreikningi frá Efla verkfræðistofu á því hvort/hvernig metansöfnun úr urðunarhólfi geti afkastað nægri orku fyrir 1.000 tonna þurrkstöð.
 - Þegar það liggur fyrir verði óskað eftir samtali við núverandi kornbændur í A-Hún /V-Hún og jafnvel Skagafirði um áhuga þeirra á að koma á fót kornþurrkun.
 - Tilboð Norðurár gæti verið:
 - Hagstætt verð á orku til þurrkstöðvar (gæti miðast við að fá fjárfestingu við sérstakan búnað til baka á 10 árum)
 - Hlutareign í kornþurrkuninni t.d. 10% hlutur
 - Hlutdeild í leigulóð (með samþ. landeigenda) ef það hentar innan hennar.
- Samþykkt að óska eftir útreikningi frá Eflu varðandi metansöfnunina og að sá útreikningur liggi fyrir eigi síðar en 1. Júlí 2023.

6. Erindi frá Þórhalli S. Bjarnasyni /JT Consulting

Lagt fram til kynningar og umræðu.

Stjórn og áhæyrnarfulltrúar Norðurár bs eru til í viðræður við JT Consulting um möguleg kaup á hauggasi eftir að útreikningar liggja fyrir (sjá punkt 5).

Einnig ákveðið að óska eftir kynningu frá Þórhalli um verkefnið *Afurðir úr úrgangi* gegnum Teams.

7. Kynningar frá Umhverfisstofnun

- Um breytt fyrirkomulag um boðun eftirlits
- Um áhersluverkefni eftirlits
- Um innheimtu eftirlitsgjalda skv. nýrri gjaldskrá

Lagt fram til kynningar og umræðu, sem var engin.

8. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn með fyrirvara þann 22. Júní kl. 15.00 í Stekkjarvík. Ef upp koma mál varðandi útboðsferli sem stjórn þarf að taka afstöðu til verði boðaður aukafundur á Teams.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 19.05

Magnús B. Jónsson

Hrefna Jóhannesdóttir



NORÐURÁ

Norðurá bs | Sorpsamlag | Stekkjarvík | 540 Blönduósi | Kt:5602060620 | Sími 4566111 : 8456111 | stekkjarkjarvik.is

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Pétur Arason